


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	STÆF2LT05 fjarnám Námsáætlun vorönn 2018	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Hermann Jón Tómasson	Sk.st.	HTÓ
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um aðferðir til að greina töluleg gögn þannig að þær upplýsingar sem í þeim felast verði aðgengilegar. Fjallað er um tíðnitöflur, myndræna framsetningu upplýsinga og mælingar á miðsækni og dreifingu. Farið er yfir undirstöðuatriði talningafræði og líkindareiknings og kynntar aðferðir og reglur sem nýtast til að telja valkosti og leysa mismunandi líkindadæmi. Rætt er um tvíkostadreifingu og normlega dreifingu og notagildi þeirra. Í áfanganum er lögð áhersla á skipulögð vinnubrögð og nákvæmni í framsetningu við lausn verkefna í stærðfræði.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu aðferðum lýsandi tölfræði
- grunndvallaratriðum talningafræði og beitingu talningareglna
- líkindareikningi og helstu líkindareglum
- tvíkostadreifingu og notkun hennar við lausn líkindadæma
- normlegri dreifingu


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita helstu aðferðum lýsandi tölfræði til að greina talnasöfn og gera grein fyrir niðurstöðunum
- beita algengustu talningareglum
- reikna líkindadæmi með aðstoð helstu líkindareglna
- reikna mismunandi dæmi tengd normlegri dreifingu
- nota töflureikni til að leysa verkefni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja og meta með gagnrýnum hætti tölfræðilegar upplýsingar í fjölmiðlum og fræðiritum
- vinna með skipulegum hætti úr tölulegum upplýsingum með aðferðum lýsandi tölfræði
- kynna og útskýra niðurstöður verkefna
- setja verkefni á mæltu máli fram á stærðfræðilegan hátt, leysa það og túlka lausnina

Námsgögn: Björn E Árnason: Ný tölfræði fyrir framhaldsskóla. Reykjavík 2015

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10.		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
STÆF2LT05 fjarnám		
Námsáætlun vorönn 2018		

Áætlun um yfirferð:

Vika	Viðfangsefni	Lesefni	Skil verkefna
22.1.-28.1.	Tíðnidreifing	1. kafli, bls. 7-22	
29.1.-4.2.	Miðsækni	2. kafli, bls. 23-34	Verkefni 1
5.2.-11.2.	Dreifing	3. kafli, bls. 35-52	Verkefni 2
12.2.-18.2.	Myndrit og samantekt	4. kafli, bls. 53-68	Verkefni 3
19.2.-25.2.	Talningafræði	5. kafli, bls. 69-80	Verkefni 4
26.2.-4.3.	Líkindareikningur	6. kafli, bls. 81-96	Verkefni 5
5.3.-11.3.	Meiri líkindareikningur	7. kafli, bls. 97-110	Verkefni 6
12.3.-18.3.	Enn meiri líkindareikningur	8. kafli, bls. 111-116	Heimapróf
19.3.-26.3.	Normaldreifing	11. kafli, bls. 133-141	Verkefni 7
26.3.-1.4.	Páskaleyfi		
2.4.-8.4.	Normaldreifing	11. kafli, bls. 142-152	Verkefni 8
9.4.-15.4.	Tvíkostadreifing	12. kafli, bls. 153-168	Verkefni 9
16.4.-22.4.	Tvíkostadreifing	12. kafli, bls. 153-168	Verkefni 10
23.4.-29.4.	Yfirlit og samantekt	Allt námsefnið	
30.4.-6.5.	Undirbúningur fyrir lokapróf	Allt námsefnið	

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lokapróf	Próf úr öllu námsefninu	50%	
Vikuverkefni	10 verkefni	40%	
Heimapróf	Próf úr fyrri hluta námsefnisins á miðri önn	10%	
	Samtals:	100%	
Annað: Nemendur skulu ná að lágmarki 40% árangri á lokaprófi til að verkefnaeinkunn gildi.			

Dagsetning: 17. janúar 2018


Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils